



Skrifstofa fjármálagreininga lögreglu

goAML

Notkun á Marghliða færslum í tilkynningum



Notkun á **Marghliða** (MultiParty) færslu er einungis leyfileg í samræmi við það sem kemur fram hér að neðan eða í sérstökum tilfellum eftir samtal og samþykki SFL.

Það má skrá **Marghliða** færslu þegar um er að ræða :

1. Færslu þar sem tilkynningarskyldur aðili er sjálfur hluti af færslunni/viðskiptunum sem móttakandi eða sendandi fjármuna.
 - a. Þessi undantekning er **EKKI** til hugsuð fyrir fjármálastofnanir sem skulu notast við **Tvíhliða** skráningar.
2. Tilraun til viðskipta eða vegna færslu sem var ekki framkvæmd en er engu að síður ástæða tilkynningar
 - a. Þessi undantekning á einungis við þegar ekki eru til staðar nægjanlegar upplýsingar svo hægt sé að skrá tvíhliða (BiParty) færslu.
 - i. Þegar tvíhliða færsla er skráð sem var ekki framkvæmd þá er það gert með nákvæmlega sama hætti og með aðrar færslur nema að það þarf að merkja færsluna sem tilraun með að velja úr fellilista (Staða eða Status reitur).

Útfylling tilkynningar

Velja gerð tilkynningar sem **STR** og sést þá neðangreind valmynd í efra vinstra horni vafra.

Þarf að skrá í alla rauðmerkta reiti.

Skipt er á milli mismunandi hluta tilkynningar með að smella á viðeigandi hluta valmyndar.

Hægt er að vista tilkynninguna, forskoða hana og loks senda með því að ýta á viðeigandi tákn.

STR: 2975-0-0	  
Viðhengi	
Vísbendingar um peningabætti	
 Færslur	

Upphafssíða (STR:XXXX-0-0)

Þarf að skrá tilvísunarnúmer tilkynningarskylds aðila í samnefndan reit. Tilkynningarskyldur aðili ræður alfarið með hvaða hætti tilvísunarnúmer er framsett en sem dæmi eru oft notuð númer úr skjalavörslukerfum.

Ástæðu tilkynningar og málavaxtalýsingu á að skrá í reitinn **Ástæða**, þarf þetta að vera afar skýrt svo ekki sé óljóst hvað sé verið að tilkynna og af hverju.

Dagsetning skal vera sá dagur sem tilkynning er send.

Ástæða þarf að skrá!

Aðgerðir

Tilvísunarnúmer tilkynningarskylds aðila þarf að skrá!

Dagsetning

6.10.2022



Viðhengi

Hér skal setja þau viðhengi sem eiga að fylgja tilkynningu en almennt er þetta tilkynningarform hugsað vegna sölu tilkynningarskylds aðila á vöru eða þjónustu.

Almennt er miðað við að lágmarki sölureikning vegna þeirra viðskipta sem er verið að tilkynna þar sem kemur skýrt fram hvaða vöru/hlut/þjónustu er verið að selja þar sem jafnframt kemur fram heildarfjárhæð viðskiptanna.

Vísbendingar um peningapvætti

Skal velja að lágmarki einn valmöguleika en leyfilegt að hafa þá fleiri.

Færslur

Skal velja **Marghliða færslu** () gerð í valmyndinni vinstra megin.

Lítur valmyndin þá út eins og að neðan.

Færsla

3/1K - Grunsamlegar þarmagnstærslur

Færslunúmer þarf að skrá

Færslumáti þarf að skrá

Fjárhæð (ISK) þarf að skrá

Færsludagsetning þarf að skrá

☐ Hæturhólf

Athugasemd

Aðilar tengdir tilkynningu

Reikningur

Reikningur (Minn Viðskiptavinur)

Einstaklingur

Einstaklingur (Minn Viðskiptavinur)

Lögaðili

Lögaðili (Minn Viðskiptavinur)

Færslunúmer er einkvæmt númer og skal ýta á tannhjólið til að láta goAML úthluta slíku númeri.

Færslumáti er svo valinn í samræmi við það sem er verið að tilkynna.

Fjárhæð er svo fjárhæðin í reiðufé (ISK) sem er verið að tilkynna ásamt dagsetningu viðskipta í næsta reit.

Aðilar tengdir tilkynningu

Þegar er búið að skilgreina færsluna sjálfa þá þarf að velja aðila sem eiga hlut að færslunni.

Aðilar tengdir tilkynningu

Reikningur

Reikningur (Minn Viðskiptavinur)

Einstaklingur

Einstaklingur (Minn Viðskiptavinur)

Lögaðili

Lögaðili (Minn Viðskiptavinur)

Hægt er að velja :

Einstakling

Lögaðila

Reikning

EKKI velja (*Minn Viðskiptavinur*) þar sem kröfur vegna skráninga eru mun meiri.

Öllu jafnan fyrir þegar er verið að skrá **Marghliða** færslu þá er um að ræða eina skráningu vegna **Einstaklings/Lögaðila/Reiknings** þar sem tilkynningarskyldur aðili er mótaðili í færslunni.

Undantekning frá þessu væri sem dæmi ef um umboðssölu er að ræða, þá þarf að skrá tvo **Einstaklinga** sem eru þá kaupandi og seljandi.

Með því að smella á viðkomandi tákn þá opnast samsvarandi skráningarform fyrir neðan í viðmótinu. Með því að smella aftur þá bætist við annað eins skráningarform, ef til að mynda það þarf að skrá tvo **Einstaklinga**.

Einfalt er að eyða út tilteknu skráningarformi eða færsluskráningu með því að smella á rauðu ruslatunnuna sem er alltaf sýnileg í efra hægra horni skráningarforms.

Skráning Einstaklings

▼ Einstaklingur

Hlutverk þarf að skrá: Land þarf að skrá

+ Færslufjárhæð í erlendra mynt

Kyn: Fæðingardagur þarf að skrá: d.M.yyyy Kennitala: Míðnafr: Vinnuveitandi - Nafn

□ Láttan?

Aðili - Athugasemd

+ Vinnuveitandi - Heimilisfang

+ Vinnuveitandi - Sími

+ Heimilisfang

+ Tölvupóstfang

+ Skilríki

+ Simanúmer

Hlutverk er annað hvort **Sendandi** eða **Móttakandi** (er þá miðað við stefnu þeirra fjármuna sem er verið að tilkynna) og Land skal vera Ísland.

Almennt er sá aðili sem verið er að tilkynna skráður sem **Sendandi** fjármuna þar sem hann lætur þá fjármuni af hendi sem er verið að tilkynna eða með öðrum orðum notar þá í viðskiptum.

Skal skrá að lágmarki **nafn**, **fæðingardag** og annaðhvort **kennitölu (SSN)** eða **skilríki** (erlendur aðili) þess einstaklings sem á að tilkynna¹. Ef **kennitala** er til staðar þá skal ávallt skrá hana. Viðbótarupplýsingum má endilega bæta við og þá sér í lagi um **þjóðerni** viðkomandi.

Í mörgum tilfella þá er skráningu tilkynningar í raun lokið hér og hægt að huga að því að senda tilkynningu til SFL.

Umboðssala

Eins og áður kom fram þá getur verið að um milligöngu tilkynningarskylds aðila sé að ræða í viðskiptunum sem er verið að tilkynna, s.s. umboðssala bifreiðar eða listmunar, þá skal skrá bæði seljanda og kaupanda í færsluna.

Seljandi skráist þá sem **Móttakandi** og kaupandi skráist sem **Sendandi** þar sem horft er á þetta útfrá færslu þeirra fjármuna sem er verið að tilkynna.

¹ Ekki er hægt að skilyrða skráningu á kennitölu þar sem slíkt mundi útiloka skráningu erlendra aðila. GoAML flaggar tilkynningum þar sem vantar að skrá upplýsingar um kennitölu eða skilríki og má því búast við höfnun ef þetta vantar.

Skráning Lögaðila

▼ Lögaðili

Hlutverk þarf að skrá

Land þarf að skrá

+ Færslufjárhæð í erlendri mynt

Nafn þarf að skrá

Rekstrarnafn

Skráningartíð

Starfsemi

Kennitala / Skráningarnúmer þarf að skrá

Skráningardagur

Skráningarsíða/fylli

Skráningartíð

Töluþóttfang

Vefsið

Skattur - Númer

Skattur - Skráningarnúmer

Athugasemd

☐ Lokað/Gjaldþrota?

Dagsetning

+ Heimilisfang

+ Símanúmer

+ Einstaklingur/ar tengdur lögaðili

+ Tengdur lögaðili/lögaðilar

Fyrst er hlutverk **Lögaðilans** skilgreint sem **Sendanda** eða **Móttakanda** fjármunanna sem um ræðir.

Þarf að skrá **nafn, kennitölu/skráningarnúmer** og **skráningarland**.

Þarf einnig að skrá einstakling að baki þessum lögaðila og er það gert í flípanum **Einstaklingur/ar tengdur lögaðila**. Í einhverjum undantekningartilvikum þá gæti verið að slíkt sé ekki þekkt.

Opnast þá sambærilega skráning eins og búið er að fara yfir varðandi skráningu **Einstaklings** nema búið er að bæta við skilgreiningu á **Hlutverki** viðkomandi gagnvart þessum **Lögaðila** og er það valið úr fellilista.

Skráning Reiknings

Reikningur

Hlutverk þarf að skrá:

Land þarf að skrá:

+ Færslufjárhæð í erlendra mynt

Reikningsnúmer þarf að skrá:

Nafn fjármálastofnunar þarf að skrá:

Útbúi

☐ Eðsi fjármálastofnun?

Swift þarf að skrá:

Kennitala / Skráningarnúmer

Gerð reiknings

Raunverulegur eigandi

Reikningur - Athugasemd

+ Lögaðili tengdur reikningi

+ Einstaklingur tengdur reikningi

Hlutverk er annað hvort **Sendandi** eða **Móttakandi** (er þá miðað við stefnu þeirra fjármuna sem er verið að tilkynna) og Land skal vera Ísland.

Reikningsnúmer skal helst skrá á IBAN formi en annars þá á íslensku formi (banki, höfuðbók, reikningsnúmer) án bandstrika eða bila.

Einnig er gerð krafa um **Nafn fjármálastofnunnar** ásamt **SWIFT**. Íslensku bankarnir eru forskráðir í goAML og birtast í fellilista þegar er byrjað að slá nafni þeirra inn í nafnreitinn.

Líkt og með skráningu á **Lögaðila** þá skal skrá **Einstakling** sem er tengdur **Reikningnum** í samnefndan flipa (jafnan er það reikningseigandi) sem og **Lögaðila** ef það á við.

Senda tilkynningu

Þegar allt er orðið grænt í valmyndinni vinstra megin og búið að skrá þá aðila sem tengjast tilkynningu þá er hægt að senda hana.

Mælt er eindregið með að smella á  í valmyndinni vinstra megin til að vista tilkynninguna fyrst og svo  til að senda hana til SFL.